



GILJASKÓLI

Námsvísir 2009 - 2010

# 7. bekkur

- **Umsjónarkennarar:** Bergdís Kristmundsdóttir og Inga Dís Sigurðardóttir
- **Sérkennari:** Laufey Hreiðarsdóttir
- Íslenska: Bergdís Kristmundsdóttir og Inga Dís Sigurðardóttir
- Stærðfræði: Bergdís Kristmundsdóttir og Inga Dís Sigurðardóttir
- Enska: Inga Dís Sigurðardóttir og Lára Halldóra Eiríksdóttir
- Danska: Bryndís Indiana Stefánsdóttir og Þórunn Bergsdóttir
- Náttúrufræði: Elva Eir Þórólfsdóttir
- Samfélagsfræði: Bergdís Kristmundsdóttir
- Kristinfræði: Bergdís Kristmundsdóttir
- Handmennt: Astrid Hafsteinsdóttir
- Myndmennt: Bryndís Kondrup
- Hönnun og smíðar: Ingvar Engilbertsson
- Heimilisfræði: Alda Björk Sigurðardóttir
- Íþróttir: Matthea Sigurðardóttir og Þuríður Helga Þorsteinsdóttir
- Sund: Matthea Sigurðardóttir og Þuríður Helga Þorsteinsdóttir
- Upplýsingamennt: Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir
- Tölvunotkun: Vala Stefánsdóttir
- Tónmennt: Ásta Magnúsdóttir

Íslenska 2

Lestur, lesskilningur,  
námstækni 2  
Talað mál og framsögn 2  
Hlustun og áhorf 2  
Bókmenntir og ljóð 3

Stærðfræði 4

Enska 7

Danska 8

Samfélagsgreinar 9

Saga 9

Landafræði 11

Náttúrufræði 12

Eðlis- og jarðvísindi 13

Lífvísindi 13

Kristin fræði 13

Lífsleikni 14

Hönnun og smíði 15

Heimilisfræði 15

Tónmennt 16

Handmennt 16

Myndmennt 17

Íþróttir 18

Sund 20

Upplýsingamennt 21

Tölvunotkun 22

# Íslenska

---

## Lestur, lesskilningur, námstækni

---

### Markmið:

---

Að nemandi;

- náí góðum leshraða og geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi
- lesi eina skáldsögu á önn og skrifi bókmenntaritgerð um báðar
- skynji boðskap texta, geti skrifað útdrátt og myndað sér skoðun á lesnum texta
- þjálfist í að lesa texta með gagnrýnu hugarfari, m.a. að greina áróðursefni og frétttaflutning ólíkra fjölmiðla.

### Námsgögn og leiðir

---

Nemendur læra leiðir í lestri þar sem tilgangur með lestrinum er gerður ljós, geti áttað sig á meginhugmyndum í stað smáatriða og læri að biðja um aðstoð þegar þess þarf. Nemendur fá þjálfun í upplestri, þeir taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni á vorönn. Námsefni: Grænkápa, Skrudda og fleira valið efni.

### Námsmat

---

Stöðluð hraða- og lesskilningspróf.

## Talað mál og framsögn

---

### Markmið

---

Að nemandi

- þjálfist í að taka þátt í samræðum, gera grein fyrir skoðunum sínum og rökstyðja
- geti flutt laust og bundið mál upphátt með viðeigandi áherslum og túlkun.

### Námsgögn og leiðir

---

Nemendur lesa upp ljóð, sögur og frumsamið efni fyrir bekkinn. Nemendur taka þátt í upplestrarkeppni 7. bekkjar sem háð er um allt land og eru æfingar í upplestri samfara því. Námsefni: Ljóð og sögur.

### Námsmat:

---

Ekki metið sérstaklega.

## Hlustun og áhorf

---

### Markmið

---

- Að nemandi
- þjálfist í að hlusta á fyrirmæli og fara eftir þeim
- geti hlustað á frásögn og gert grein fyrir meginatriðum hennar
- geti hlustað með eftirtekt á ljóð og laust mál
- tileinki sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er t.d. á upplestur eða frásagnir



## Námsgögn og leiðir

---

Nemendur hlusta á bekkjarfélaga og þjálfast í að gagnrýna hver annan á jákvæðan hátt.

## Námsmat

---

Ekki metið sérstaklega.

## Ritun, stafsetning og skrift

### Markmið

---

- Að nemandi
- nái valdi á helstu atriðum stafsetningar
- nái nokkurri færni í greinarmerkjasetningu
- þjálfist í að nota stafsetningarorðabók
- þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta, geti skrifað útdrætti og endursagnir
- geti skrifað skilmerkilega og þrói persónulega rithönd
- geti skrifað sögur og ljóð og þjálfist í að nota myndmál, málshætti og orðtök þar sem við á
- geti byggt upp texta á viðeigandi hátt
- fáist við ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta og ljóð
- þjálfist í að beita mismunandi stíl í rituðu máli með tilliti til viðtakanda og efnis.

## Námsgögn og leiðir

---

- Stafsetning verður þjálfuð með æfingum. Nemendur semja sögur og ljóð, skrifa útdrætti. Ritunarverkefni og stafsetningaræfingar. Nemendur vinna eina bókmenntaverkefni á haustönn og heimildaritgerð á vorönn. Þeir fást við frjálsa ritun í tímum þar sem viðfangsefnið verða af ýmsum toga. *Mál er miðill, Skrudda.*

## Námsmat

---

Í ritun verður gefin einkunn fyrir bókmenntaverkefni á haustönn auk vinnu í Ritunarbók. Stafsetningarpróf. Skriftarpróf og skrift metin í vinnu nemenda.

## Bókmenntir og ljóð

---

### Markmið

---

- Að nemandi
- lesi tvær skáldsögur, Fjólublá daga og ein að eigin vali og skrifi um þær bókmenntaverkefni
- lesi og ræði um mismunandi bókmenntatexta
- átti sig á hugtökunum tími og umhverfi, boðskapur og aðal- og aukapersónur í umfjöllun um skáldsögur
- þekki hugtökin rím, stuðla, braglínu, persónugervingu og líkingu og geti notað þau í umfjöllun um ljóð

## Námsgögn og leiðir

---

Nemendur lesa bókmenntatexta; smásögur, skáldsögu, þjóðsögur, goðsögur og ævintýri og ljóð. Fjallað verður um bókmenntatexta og ljóð frá ýmsum hliðum og nemendur þjálfast í að semja eigin texta og ljóð.

*Grænkápa, Skrudda, Fjólubláir dagar, bragfræði, skáldsaga og ljóð.*



## Námsmat

---

Próf í lok hvorrar annar 50% og verkefni 50%.

## Málfræði

### Markmið

---

Að nemandi

- átti sig á hvernig orð skiptast í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð
- geti greint sagnorð og helstu fallorð, þ.e. nafnorð, lýsingarorð og fornöfn, í flokka af nokkru öryggi
- geti fundið föll fallorða, tölu og kyn
- þjálfist í að fallbeygja mannanöfn
- þekki nútíð og þátíð sagnorða og átti sig á mun reglulegrar beygingar og óreglulegrar
- geti fundið nafnhátt sagna
- geti fundið stofn orða og nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu og orðmyndun
- átti sig á hvaða orðmynd er uppfléttimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka
- kannist við hugtökin forskeyti og viðskeyti og átti sig á hlutverki þeirra við orðmyndun
- þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein og geti sett viðeigandi greinarmerki rétt við ritun eigin texta
- þekki mun einhljóða og tvíhljóða og átti sig á hvernig hann birtist, t.d. í mun á framburði og stafsetningu
- geti nýtt sér orðabækur og handbækur
- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið t.d. með myndagátum, krossgátum, orðaleikjum og nýyrðasmíð.

### Námsgögn og leiðir

---

Nemendur vinna að mestu einstaklingslega á sínum hraða. Málrækt 3, Skrudda verkefnabók og fjölrítuð blöð.

## Námsmat

---

Málfræðipróf á hvorri önn og kannanir.

## Stærðfræði

---

### Markmið

---

- Að nemandi.
- beri saman breytingar á stærðum, t.d. fólksfjölda á mismunandi stöðum og meti mismun á hlutfallslegri breytingu
- finni ferningsrót af lágum ferningstölum
- þjálfist í notkun sviga, t.d. með því að búa til dæmi um talnastæður með svigum á ólíkum stöðum
- vinni greinargerð í samfelldu máli með útreikningum og skýringarmyndum, einn eða í samvinnu við aðra, um viðfangsefni af stærðfræðilegum toga
- temji sér að spyrja spurninga um verkefni í því skyni að öðlast betri skilning á því
- glími við flókin viðfangsefni með því að setja þau á svið eða teikna myndir, búa til



- töflur, leita að mynstri eða reglu, giska á lausnir og prófa þær, vinna sig til baka, reyna við einfaldara skylt verkefni, athuga sértílvik og brjóta þau niður í smærri þætti
- temji sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni
  - temji sér, þegar lausn á þraut er fundin, að leita nýrra spurninga og hefja frekari athuganir á skyldum viðfangsefnum
  - glími í samvinnu við aðra við verkefni sem gera kröfur til frumkvæðis og hugkvæmni
  - geti sett upp dæmi og túlkað niðurstöður
  - ræði um sennilegar tilgátur og rökstuddar niðurstöður
  - flokki hugtök, s.s. ferhyrninga, rétthyrninga, samsíðunga, tígla og ferninga, í yfir- og undirflokkum
  - vinni með samtenginguna „eða“ í merkingunni „og/eða“ við val úr gagnasafni
  - setji upp einfalt reiknirit, t.d lýsi leið um gatnakerfi í nágrenni skólans þannig að aðrir nemendur geti áttað sig á hver áfangastaðurinn er
  - setji stærðfræðileg hugtök í samband við hversdagslega hluti
  - setji upp og haldi mánaðarþáttur fyrir sjálfan sig
  - setji upplýsingar um náttúrufræðisinn í töflureikni eða gagnagrunn í því skyni að setja þær fram á myndrænan hátt
  - reikni út tímamun milli ólíkra heimshluta
  - kynnist algengum mælieiningum í öðrum löndum, s.s. mílum, fetum, pundum og fjórðungum
  - venjist því að áætla í staðaleiningum, s.s. metrum, grömmum og lítrum
  - vinni með algengustu einingar metrakerfisins og reikni milli tímaeininga af öryggi
  - vinni þemaverkefni um sögu stærðfræðinnar, t.d. um sögu tugabrotsrítháttar, einingarbrot meðal Forn-Egypta eða hvernig fletir eru þaktil með marghyrningum í skreytilist
  - beri saman almenn brot og tugabrot
  - raði almennum brotum eftir stærð, sér í lagi einingarbrotum
  - vinni með neikvæðar tölur
  - rannsaki deilanleika með 9, skoði tengslin milli 3 sinnum töflunnar og 9 sinnum töflunnar og átti sig á hvers vegna 9 ganga upp í tölu ef níu ganga upp í þversummu hennar
  - finni stærsta samdeili sem styttingartölu og ræði hvers vegna brot með sumum nefnum styttest en ekki með öðrum
  - vinni með afgang (leif) við deilingu
  - breyti almennum broti í tugabrot
  - skoði á vasareikni óendanleg brot
  - margfaldi fjögurra stafa tölu með allt að tveimur aukastöfum með eins stafs tölu
  - deili með eins stafs tölu í fjögurra stafa tölu með allt að tveimur aukastöfum
  - reikni með einföldum neikvæðum tölum í eðlilegu samhengi, t.d. hitastigsbreytingar og fjarlægð yfir og undir sjávarmáli
  - margfaldi og deili í fjögurra stafa tölur með tveggja stafa tölum í reiknivél og áætli svarið með námundun
  - kynnist forgangsröð aðgerða
  - leggi saman og finni mismun fremur einfaldra ósamnefndra brota
  - margfaldi og deili eins stafs tugveldatölum í huganum
  - kynnist aðferðum við hugarreikning
  - námundi hvaða tölu sem er að næsta tug eða hundraði eftir því sem við á og noti til að áætla svar í samlagningu og frádrætti
  - kynnist óvissu í mældu flatarmáli



- þjálfist í að setja upp dæmi og velja aðgerðir
- teikni uppdrátt í réttum hlutföllum
- breyti mataruppskrift
- skoði hlutföll í myndlist og byggingarlist, s.s. gullinsniðshlutfallið
- finni hluta af heilum tölum
- reikni brot og prósentur af heilum stærðum
- haldi áfram með og lýsi fremur flóknum reglum til að velja tölur, t.d. rununa 1, 1, 2, 3, 5, 8, 13 ...
- dragi saman almenna reglu út frá athugunum á röð af dæmum
- setji upp einföld föll og teikni gröf þeirra
- noti dreifireglu til að margfalda tveggja stafa tölur með eins stafs tölu í huganum
- ræði um hugtakið línu, að hún sé óendanlega löng og skurðpunkta hennar við aðrar línur og hvaða munur er á línu og striki
- reikni ummál og flatarmál flatarmynda; kunni og geti notað reglur um flatarmál réttthyrninga, þríhyrninga og ferninga; hafi unnið athugunarverkefni um ummál og flatarmál hrings
- reikni rúmmál teninga, réttstrendinga og þrístrendinga og telji út yfirborð
- kynnist tengslum milli rúmmáls mælds í  $\text{cm}^3$  og millilítrum og  $\text{dm}^3$  og lítrum í athugunarverkefnum
- mæli og teikni horn að næstu heilli gráðu
- vinni með 8 áttir áttavítans
- finni staðsetningu á landakorti út frá lengdar- og breiddargráðum og út frá stefnu og fjarlægð frá gefnum punkti
- finni samhverfuás, samhverfuflöt og snúningsmiðju í margvíslegum tvívíðum og þrívíðum hlutum
- teikni þríhyrninga með gefnum stærðum
- athugi eiginleika marghyrninga, s.s. hornasummu og flatarmál, út frá þríhyrningum
- setji gögn inn í og geri fyrirspurnir til tölvuunnins gagnasafns og dragi ályktanir af svörum
- kynnist því að endurtekin tilraun getur gefið ólíkar útkomur
- átti sig á að séu allir  $n$  mögulegir viðburðir taldir jafnlíklegir þá eru líkur á hverjum þeirra  $1/n$  og að í mörgum tilvikum eru líkurnar ekki jafnar
- átti sig á hvaða aðrir þættir geta haft áhrif á líkur á viðburðum.

## Námsgögn og leiðir

---

- Nemendur vinna í kennslubókum og ýmis tilbúin verkefni þar fyrir utan. Nemendur eru þjálfaðir áfram í notkun vasareikna. Áhersla er lögð á að nemendur vinni sjálfstætt og taki ábyrgð á námi sínu, geti útskýrt hvaða aðferðum þeir beita og setji aðferðir sínar skilmerkilega fram, bæði í töluðu máli og í reikningsbókunum. Hópkennslu og einstaklingskennslu er beitt jöfnum höndum. *Geisli 3 lesbók og vinnubók, Hringur 3* og ljósrituð blöð.

## Námsmat

---

Kannanir og heimaverkefni eru reglulega úr námsefninu og gilda þau 50%. Próf eru í lok hvorrar annar og gilda þau 50%.



## Enska

---

### Markmið

---

#### *Hlustun*

- Að nemandi
- geti notað ensku til samskipta innan kennslustofu
- skilji ensku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með
- geti hlustað eftir aðalatriðum
- geti hlustað eftir nákvæmniatriðum
- geti tengt saman upplýsingar sem hann heyrir og sjónrænar upplýsingar (t.d. ótextað myndefni)
- skilji efni sem tengist eigin menningu og umhverfi
- skilji efni sem tengist lífi jafnaldra í Bretlandi, Bandaríkjunum eða Ástralíu
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða

#### *Lestur*

- Að nemandi
- geti lesið einfaldar smásögur
- geti lesið stuttar skáldsögur
- geti lesið fræðsluefni og frásagnir um margvíslegt efni ætlað börnum
- geti leitað að upplýsingum í texta í bók eða á tölvutæku formi
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða
- geti lesið efni sem tengist lífi jafnaldra í enskumælandi landi

#### *Talað mál*

- Að nemandi
- geti tekið þátt í samskiptum innan kennslustofunnar, við kennara, við bekkjarfélaga, í samtalsæfingum, þ.m.t. geti notað umorðun, hik og þagnir í samtölum
- geti sagt á skýran og skipulegan hátt frá viðfangsefni í námi, undirbúið eða óundirbúið
- sé fær um að beita nokkuð markvisst þeim orðaforða sem hann hefur unnið með
- geti sagt frá völdum atriðum úr umhverfinu og úr íslenskri menningu
- hafi vald á skýrum framburði svo að ekki valdi misskilningi
- kunni að beita nútíð algengra sagna, algengum fornöfnum, nafnorðum, lýsingarorðum og greini

#### *Ritun*

- Að nemandi
- geti skrifað skipulega, skiljanlega og viðeigandi samfellda texta eftir fyrirmyndum, dagbókarbrot, frásagnir, texta við myndir, veggspjöld o.s.frv.
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða
- þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem unnið hefur verið með.

### Námsgögn og leiðir

---

- Nemendur vinna verkefni, hlusta á texta, lesa, skrá orðaforða, skrifa einfalda stíla. Nemendur lesa eina stutta skáldsögu og skrifa ritgerð um hana. *Build up 2*, smásögur, *Dock* og *Ensk málfræði B*. Ítarefni: Smásögur, lesskilningsverkefni, léttlestrarbókin *Huckleberry Finn*, listi yfir óreglulegar enskar sagnir (78 sagnir).



## Mögulegar leiðir

---

- Nemendur lesa eina smásögu og vinna verkefni úr henni.
- Nemendur lesa stutta skáldsögu (léttlestrarbók) og gera ritgerð úr henni.
- Nemendur vinna lesskilningsverkefni, lesa ensk tímarit þar sem þeir leita að upplýsingum um efni sem er ætlað börnum.
- Nemendur leita upplýsinga á Neti og læra að nýta sér síður sem ætlaðar eru til enskukennslu.
- Nemendur hlusta á texta, lesa þá og ræða.
- Nemendur skrifa einfalda stíla og skrifa upp texta eftir fyrirmyndum í blöðum eða bókum.
- Nemendur venjast því að hlusta á ensku í kennslustundum og þjálfast í að nota ensku í umræðum.
- Nemendur þjálfra málfræðiatriði í töluðu máli og ritun.
- Nemendur gera veggspjöld, texta við myndir, stuttar frásagnir um ákveðin efni og halda dagbók á ensku yfir ákveðið tímabil.

## Námsmat

---

Próf úr óreglulegum sögnum gildir 20% á haustönn. Verkefnavinna 10 %. Vinnueink. 10% á hvorri önn. Ritgerð úr léttlestrarbók gildir 20% á vorönn. Munnlegt próf gildir 10% á vorönn. Skrifleg próf á haustönn og vorönn gilda 60 %.

## Danska

---

### Markmið

---

- Að nemandi
- Hlustun*
- geti greint heiti og einstök orð, án þess að skilja nákvæmlega, þegar talað er um einföld atriði innan efnisflokka sem unnið er með
  - geti skilið þegar við hann er talað á skýru og einföldu máli um efni sem tengist daglegu lífi hans
  - geti skilið einfaldar leiðbeiningar og upplýsingar í tali kennara
  - geti skilið aðalatriði í einföldum samtölum tveggja í þar til gerðum hlustunaræfingum
- Lestur*
- geti lesið stutta texta með algengum, gagnsæjum orðaforða um efni sem hann þekkir
  - geti áttað sig á megininnihaldi í lengri texta sem skrifaður er á léttu máli og tengist efnisflokkum sem unnið er með
  - geti skilið vel innihald stuttra texta sem fjalla um efni sem hann þekkir
  - hafi hraðlesið eina stutta léttlestrarbók og/eða eina léttu smásögu
  - hafi notað byrjendaorðabækur og myndaorðabækur
- Talað mál*
- geti sagt frá tilteknu efni með aðstoð orðtengslamynda eða minnispunkta
  - geti sagt frá efni sem unnið hefur verið með
  - geti líkt eftir framburði kennara og bandtexta á algengum orðum, orðasamböndum og stuttum setningum, t.d. algengum orðatiltækjum
  - geti notað orð og orðasambönd sem unnið hefur verið með til að tjá sig um afmörkuð efni



- geti unnið samtalsæfingar út frá fyrirmyndum sem unnið hefur verið með
- geti myndað einfaldar setningar og svarað einföldum spurningum út frá orðaforða sem unnið hefur verið með
- geti heilsað, kynnt sig og þakkað fyrir sig með viðeigandi orðalagi
- hafi réttan framburð á hv og hj, á og ø
- geti notað grunnorðaforða úr þekktum efnisflokkum, sem unnið er með, á eigin forsendum í nýju samhengi

#### Ritun

- geti skrifað stuttan texta, t.d við myndir, út frá einföldum orðtengslamyndum
- geti skrifað stuttar aðalsetningar með orðaforða úr efnisflokkum sem unnið er með þannig að röng stafsetning valdi ekki misskilningi
- hafi notað byrjendaorðabækur og myndaorðabækur.

### Kennsluskipan

---

Nemendum er kennt í bekkjarstofum sínum þrisvar í viku. Mismunandi kröfur eru gerðar til nemenda eftir getu þeirra. Kennslan byggir mest á einstaklings- og paravinnu en töluvert er einnig um hópavinnu, spil o.fl.

Nemendur vinna með fjölbreytta færniþætti í hverjum tíma, þ.e. hlustun, lestur, talað mál og ritun. Unnið er með orðaforða út frá hverjum efnisflokki sem fjallað er um hverju sinni. Reynt verður að miðla danskri menningu til nemenda eins og kostur er.

Námið byggir mikið á hlustun og að nemendur endurtaki og æfi framburð á dönskum orðum og setningum. Nemendur skrifa texta frá eigin brjósti á dönsku og teikna myndir af þeim hlutum sem þeir eru að læra um hverju sinni. Nemendum er kennt að glósa (án þess að ofglósa)

Heimanámi er ætlað að æfa það sem farið hefur verið yfir í kennslustundum og að æfa nemendur í vinnubrögðum s.s. að nota lesbók, vinnubók og glósubók saman.

### Námsgögn

---

Námsefnið *Klar þar* notað sem inniheldur lesbók, vinnubók, glósubók og geisladisk til hlustunar. Einnig verða notaðir ýmsir geisladiskar með danskri tónlist til kynningar og skemmtunar.

Spil sem tilheyra námsefninu *Klar þar* eru notuð í kennslunni. Þá eru nemendur látnir fletta upp dönskum orðum í orðabókum.

### Námsmat

---

- Próf:70% (20% stöðupróf og 50% lokapróf), munnlegt próf:10%, heimavinna:10%, vinna í tímum:10%.

## Samfélagsgreinar

---

### Saga

---

#### Markmið

---

Að nemandi

- geri sér grein fyrir því hvernig Ísland byggðist frá Norðurlöndum (og Bretlandseyjum)
- kynnist því hvernig Íslendingar bundust norsku og síðan dönsku konungsvaldi
- læri hvernig Norðurlönd tengdust í Kalmarsambandinu og skiptust síðan í tvö



### fjölbjóðleg ríki

- kanni uppruna mótmælendahreyfingarinnar og lúthersks siðar
- kynni sér atburðarás siðbreytingar á Norðurlöndum í stórum dráttum, einkum á Íslandi
- greini þá mynd sem hinn nýi siður fékk á Íslandi, m.a. varðandi yfirstjórn kirkjunnar, uppeldi barna og hlutverk guðsorðsins
- sjái hvernig Danmörk og Svíþjóð urðu herveldi í Evrópu og áttu í stríði sín á milli
- átti sig á einveldi og einokunarverslun Dana á Íslandi í ljósi þess sem tíðkaðist annars staðar í Evrópu og réttindum og skyldum konungs og þegna
- kynnist 18. öld sem tímасkeiði áfalla á Íslandi, á borð við stórubólu og Skaftárelda, en jafnframt umbótaviðleitni í atvinnuvegum og fræðslu; beri þetta saman við grannlönd
- verði kunnugur írskum áhrifum í upphafi Íslandsbyggðar sem bárust með þrælum, kristni og bókmenningu
- þekki siglingar Englendinga og áhuga þeirra á íslenskum fiski; veiðar, verslun og samskipti við Íslendinga frá 15. öld til 17. aldar
- geri sér grein fyrir því hvernig Bretland var orðið að öfluglu stórveldi á 18. öld á sviði siglinga og verslunar og lenti í útistöðum við Frakka og Dani
- greini áhuga og áhrif Englendinga á Íslandi á 18. öld
- þekki valdatöku Jörundar hundadagakonungs í ljósi átaka milli Dana og Englendinga
- hafi innsýn í áframhaldandi samband við Bretland eins og það birtist m.a. í almenntri verslun, sauðasölu, togaraveiði, hernámi og þorskastríðum
- kynnist því hvernig tengsl Íslands við umheiminn hafa birst með margvíslegum hætti, persónulegum og ópersónulegum, t.d. með trúarkenningum frá Róm og Norður-Þýskalandi, embættismönnum menntuðum í Kaupmannahöfn, fatatísku frá Hollandi, sýklum frá Asíu, kartöflum frá Ameríku
- kynnist því hvernig Íslendingar fylgdust með því sem gerðist um víða veröld, m.a. með annálaritun
- skoði hugmyndir og viðhorf útlandinga til Íslands og Íslendinga á fyrri öldum
- þekki Tyrkjaránið sem atburð, lífsreynslu og árekstur menningarheima
- þekki til siglinga og veiða Baska og Hollendinga við Íslandsstrendur
- kynnist einstaklingi sem stóð frammi fyrir ólíkum menningarheimum, t.d. Jóni Indíafara, Önnu Jasparsdóttur eða Guðríði Símonardóttur
- fái innsýn í hvaða lönd Íslendingar hafa bein tengsl við á líðandi stund, t.d. með því að gera könnun meðal bekkjarfélaga eða ættingja
- geri sér grein fyrir hnattstöðu landsins, fjarlægð til annarra landa og meti hvaða lönd standa Íslandi næst
- kynnist gleði og sorgarefnum manna, t.d. jafnaldra, á völdum stað og tíma; fái tækifæri til að lifa sig inn í aðstæður þeirra og meta hvað er líkt og ólíkt því sem nú tíðkast
- afli sér upplýsinga um sögu og siði í öðrum löndum, einkum á Norðurlöndum, með því að leita með aðstoð mismunandi upplýsingamiðla og/eða með beinum tengslum við nemendur annars staðar.

### Námsgögn og leiðir

---

Nemendur lesa og vinna, ýmist einir eða í hópum um atburði tengda Íslandssögunni. Kennslubókin *Ein grjóthrúga í hafinu* og ýmsar heimildir tengdar efninu. Nemendur vinna heimildarritgerð í samvinnu við bókasafnskennara.



## Námsmat

---

Lokapróf gildir 50% af lokaeinkunn. Vinnubók og önnur verkefni gilda 50%.

## Landafræði

---

### Markmið

---

Að nemandi

- kynnist nokkrum gerðum þemakorta af Evrópu sem sýna dreifingarmynstur t.d. náttúrufars- og mannvistareinkenna
- þekki á Evrópukorti nöfn og legu ríkja í Evrópu auk stærstu áa, vatna, hafa og fjallgarða
- átti sig á að hæðarmun í landslagi má m.a. sýna með hæðarlínum eða landslagsskyggingu
- þekki hvernig landslag álfunnar hefur myndast og mótast, t.d. áhrif plötuhræfinga við myndun Alpafjalla og áhrif veðrunar og rofs
- læri að lýsa meginráttum í loftslagi og gróðurfari allt frá Norðurheimskauti að Miðjarðarhafi og áhrifum vinda og hafstrauma þar á
- átti sig á margháttuðum menningarlegum og viðskiptalegum tengslum Íslendinga við aðrar Evrópuþjóðir, t.d. hvaða viðskiptabandalögum og sérsamningum við eigum aðild að
- þekki einstök menningarsvæði í Evrópu, t.d. Norðurlönd, Eystrasaltssvæðið og Norður-Evrópu
- afli sér upplýsinga um einstök lönd eða landsvæði eftir mismunandi leiðum, t.d. með bókum, dagblöðum, tölfræðigögnum, kortum, Netinu eða viðtölum
- fjalli um hugtök eins og ríki, land, þjóð og landamæri
- átti sig á hvað hefur áhrif á legu og vöxt einstakra búsetusvæða
- kynnist hvað vaxandi búseta hefur í för með sér, t.d. hvað ört vaxandi úthverfi við stórborgir þýða fyrir samgöngur og minnkað land fyrir landbúnað og ræktun
- þekki hvernig atvinnugreinar skiptast í frumvinnslu-, úrvinnslu- og þjónustugreinar
- kynnist því hvers vegna mismunandi samgöngutæki henta hverju sinni, t.d. kostum og göllum vega, járnbrauta, sjó- og loftleiða eftir því hvað þarf að flytja hverju sinni
- skilji af hverju tiltekinni starfsemi er valinn staður þar sem hún er, t.d. af hverju stór iðnfyrirtæki eru staðsett í útjaðri borga en ekki í miðbæjum
- þekki helstu gerðir orkulinda sem nýttar eru, hvar þær er að finna og hvernig þær hafa myndast
- læri að gera greinarmun á því hvaða starfsemi krefst mikils landsvæðis og hvaða lítils landsvæðis
- átti sig á nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á sviði umhverfismála þar sem t.d. mengun og loftslagsbreytingum verða ekki sett landfræðileg mörk.

### Námsgögn og leiðir

---

Nemendur ræða og vinna verkefni í textabók og af ýmsum ljósrituðum blöðum sem tengjast efninu. Kennslubókin *Evrópa álfan okkar* lesin. Landakort, hnattlíkan, myndbönd og fleiri gögn verða notuð til að glæða námsefnið meira lífi.

## Námsmat

---

Lokapróf gildir 50% af lokaeinkunn. Vinnubók, verkefni, og virkni gilda 50%.



## Náttúrufræði

---

### Markmið

---

#### *Úr eðlisvísindum*

#### *Að nemandi*

---

- geri tilraunir sem sýna að hamur efnis fer eftir bræðslu- og suðumarki þess
- geri fjölbreyttar athuganir þar sem áhrif hita á efni eru könnuð, s.s. að bræða, sjóða, leysa upp, athuga hitaþenslu
- geri athuganir sem sýna áhrif hitabreytinga á vatn, loft, jarðveg og lífveru
- þekki að andrúmsloftið er samsett úr nokkrum efnum
- geri sér grein fyrir, t.d. með aðstoð frumeindalíkana, að allt efni er gert úr frumeindum sem geta tengst saman og myndað sameindir
- geri athuganir sem sýna að massi efna varðveitist við efnabreytingar
- geri athuganir sem sýna að hitaþensla efna er mismunandi
- þekki kenninguna um hreyfingu sameindanna, þ.e. að hiti er mælikvarði á hreyfiorku sameindanna
- skilji tengslin á milli hitaþenslu efna og hreyfingar frumeinda og sameinda
- geri tilraunir sem sýna að leysni efna fer m.a. eftir hitastigi
- þekki hvað átt er við með hugtökunum felling og metnun
- fjalli um hvernig menn hafa nýtt sér þekkingu sína á áhrifum hita á efni í daglegu lífi
- geri tilraun þar sem borin eru saman áhrif einangrunar efnis á hraða kælingar með því að mæla hitastig og tíma
- geri könnun á því hvers konar orka er notuð á heimilum og hvaðan hún kemur
- fjalli um notkun hitaveituvatns á Íslandi

#### *Úr jarðvísindum*

- geti lýst aðskildum lögum lofthjúps jarðar með áherslu á veðra- og heiðhvolf
- þekki hvaða kraftar halda lofthjúpnunum við jörðina
- geti skilið og túlkað veðurkort sér til gagns og gamans
- geri sér grein fyrir áhrifum hafsins á mótun umhverfis, lífríki á jörðinni og neðansjávarlandslag
- fjalli um áhrif ákveðinna hafstrauma á íslenskt veðurfar, veðurfar á jörðinni og lífsskilyrði
- þekki mótunaráhrif jökla og áa á landslag og tengi við jarðsögu Íslands
- þekki orsakir jarðvegseyðingar og úrræði
- leiti upplýsinga um stærstu jarðskjálfta á Íslandi og kynni sér orsakir þeirra og afleiðingar
- þekki flokkunarkerfi íslenskra eldstöðva

#### *Úr lífvísindum*

- skilji að útlitseinkenni og allir aðrir eiginleikar erfast frá foreldrum
- þekki að einkenni erfast vegna erfðaefnis frá kynslóð til kynslóðar með frumukjarna
- þekki líffærakerfi mannlíkamans, gerð og starfsemi, samspil og samsetningu
- ræði áhrif nýrrar tækni á lækningar, t.d. hjartasjúkdóma
- geri athuganir á eigin líkama, s.s. mæli púls, öndun, skynjun húðar, viðbragð heyrnar og athugi skynvillur
- þekki varnir líkamans, þ.m.t. myndun ónæmis gegn sjúkdómsvöldum



- fjalli um hvernig hann geti best stuðlað að eigin heilbrigði út frá ýmsum þáttum, s.s. gildi þjálfunar og hreyfingar, gildi þess að borða holla fæðu og athugunum á eigin mataræði og heilsufari

## Eðlis- og jarðvísindi

---

### Námsgögn og leiðir

---

- Námsefnið *Auðvitað 3* allt tekið fyrir. Ýmsar tilraunir gerðar, verkefni og athuganir.

### Námsmat

---

Verkefni og vinnubók metin ásamt einstaklings- og hópverkefnum, virkni nemenda og áhugi ásamt frammistöðu í tímum gildir 50%. Kaflapróf gilda 50%.

## Lífvísindi

---

### Námsgögn og leiðir

---

- Námsefnið *Líkami mannsins* tekið fyrir, textabók og vinnubók. Ýmis verkefni unnin í tengslum við námsefnið svo sem krufning hjarta og nýra. Tilraun sem mælir rúmmál lungna.

### Námsmat

---

Próf gilda 60%, vinnubók, önnur verkefni og símat (vinnusemi, áhugi, heimanám) gilda 40%.

## Kristin fræði

---

### Markmið

---

Að nemandi

- kynnist þáttum úr sögu Ísraelsþjóðarinnar frá því að ríkið klofnaði og til heimkomunnar úr útlegðinni í Babýlon
- þekki dæmi um nokkra spámenn og skilji félagslegt og trúarlegt hlutverk þeirra
- fái vitneskju um aðstæður gyðinga síðustu aldirnar fyrir Krist og átök og yfirráð stórvelda við Miðjarðarhaf
- læri um frásagnir Matteusar guðspjallamanns af aðdragandanum að fæðingu Jesú og atburðum sem tengjast komu vitringanna frá Austurlöndum
- verði kunnugur meginefni Matteusarguðspjalls og hafi lesið það í samhengi með sérstakri áherslu á fjallræðuna
- skilji merkingu bænarinnar Faðir vor
- kynnist kristniboðsstarfi Páls postula, hvernig kristin trú breiddist út um Rómaveldi og hvernig kirkjan þróaðist undir forystu biskupsins í Róm, páfans
- kanni sögu miðaldakirkjunnar á Íslandi með sérstakri áherslu á klaustur og biskupsstóla
- kynnist trúarlegri tjáningu í íslenskri ljóðlist
- kunnir skil á siðbót Marteins Lúters og tildrögum hennar, hvernig siðbótin barst til Íslands og festist í sessi, m.a. með útgáfustarfi Guðbrands Þorlákssonar
- kynnist tjáningu trúar í listsköpun miðalda
- geri sér grein fyrir siðferðilegum gildum og siðferðilegum álitamálum er lúta að



- jafnrétti, mannréttindum, kjörum flóttamanna og misskiptingu lífsgæða í heiminum og þjálfist í að ræða þau
- þjálfist í að nýta sér upplýsingatækni til að leita svara við spurningum um trúarleg og siðferðileg efni og meta þau
- kynnist völdum þáttum búddadóms, m.a. musterum, klaustrum, táknum, hátíðum og siðum

### Námsgögn og leiðir

---

- Bókin *Upprisan og lífið* er lögð til grundvallar. Ýmsar kennsluaðferðir eru notaðar, s.s. myndræn tjáning, umræður, hópavinna, einstaklingsvinna, o.fl. Einnig er farið í sögur úr daglega lífinu sem varpa nánara ljósi á efni bókarinnar.

### Námsmat

---

- Prófgilda 50% af lokaekunn. Vinnubók og önnur verkefni gilda 50 %.

## Lífsleikni

---

### Markmið

---

- Að nemandi
- velti fyrir sér ýmsum hliðum þess að breytast úr barni í ungling og geri sér grein fyrir áskorunum og ánægjustundum þessa æviskeiðs
- geri sér grein fyrir að mannréttindi eru leikreglur í samfélagi einstaklinga og þjóa til að tryggja jafnan rétt allra
- skoði samskipti undir mismunandi kringumstæðum
- geti sett sér markmið til lengri tíma
- geti nefnt persónur sem hann lítur upp til og ber virðingu fyrir
- viti af hættum samfara neyslu tóbaks og áfengis
- geti greint jákvæðan áróður frá neikvæðum í auglýsingum og umhverfi
- geti lagt mat á fréttáflutning um málefni barna og unglunga
- geti greint frá helstu stofnunum og fyrirtækjum í eigin byggðarlagi
- geti lýst mismunandi störfum og mikilvægi þeirra
- viti hvað hugtökin umhverfisvænn og vistvænn þýða í fjölbreyttu samhengi
- viti hvert á að leita þegar hætta steðjar að og hvernig á að bregðast við hættuástandi

### Námsgögn og leiðir

---

Áhersla verður lögð á samskipti, virðingu og tillitssemi með tilliti til Uppbyggingarstefunnar. Bekkjarfundir haldnir reglulega. Í vetur verður unnið með grunnþarfirnar, bekkjarsáttmálann og mitt og þitt hlutverk.



## Hönnun og smíði

---

### Markmið

---

- Sjá aðalnámskrá grunnskóla 2007, Hönnun og smíði. Prepamarkmið 7. þrep.

### Námsgögn og leiðir

---

- Tiltækar fræðibækur. Hönnunaræfingar tengdar vélrænni virkni. Tilraunir gerðar með vélvirkni í tréhlutum. Farið í einföldustu aðferðir í silfursmíði. Smíðaðir einmálma hringar, hálsmen eða nælur. Unnið í rennibekk td. lampi.

### Námsmat

---

Símat kennara ; hönnun 25%, tækni 25%, verklag 25%, ástundun 25%.

## Heimilisfræði

---

### Markmið

---

- Að nemandi
- kynni sér hvaða næringarefni eru í algengustu matvælum
- þjálfist í að stækka og minnka uppskriftir
- vinni af öryggi með einföldustu aðferðir í matreiðslu
- kanni hvaða næringarefni eru ríkjandi í hverjum flokki fæðuhringsins
- fái þjálfun í að setja saman máltíðir með hliðsjón af fæðuhring
- beri saman næringargildi fæðutegunda úr jurta- og dýraríki
- kynnist helstu vinnslu- og geymsluaðferðum matvæla og viti hvernig geyma skal matvæli heima
- kynnist umbúðamerkingum matvæla og nýti þær til að meta kosti og galla tilbúins og hálftilbúins matar
- geri sér grein fyrir því hvers vegna hreinlæti er mikilvægt við meðferð matvæla
- velti því fyrir sér hvernig vasapeningum er best varið
- fái þjálfun í að virða jafnrétti, ólík sjónarmið, mismunandi siði og venjur
- temji sér jákvæð viðhorf gagnvart matarmenningu mismunandi þjóða
- viti um helstu orsakir slysa í heimahúsum og næsta umhverfi.

### Námsgögn og leiðir

---

Bókleg kennsla fer fram samhliða verlegri kennslu. Kennslubókin Gott og gagnlegt fyrir 7. bekk er notuð ásamt ljósritum frá kennara. Nemendur fræðast um næringargildi ýmissa matartegunda, læra að þekkja næringarefnin, reikna út orkugildi máltíða, fá þjálfun í að setja saman máltíð með hliðsjón af fæðuhring, velta fyrir sér hvernig vasapeningum er best varið, bera saman næringargildi fæðutegunda úr jurta- og dýraríki, kynnast umbúðamerkingu matvæla og nota þær til að bera saman kosti og galla ýmissa tegunda. Nemendur temja sér jákvæð viðhorf gagnvart matarmenningu ýmissa þjóða. Leiðir sem notaðar eru til að nálgast viðfangsefnin eru innlögn kennara um viðeigandi námsþátt og umræður í tengslum við hann, þá vinna nemendur verkefni tengt viðfangsefninu í vinnubók. Stundum er um einstaklingsvinnu að ræða en stundum hentar betur að hafa hópvinnu.



Nemendur eru aðra önnina einu sinni í viku í verklegum tímum í heimilisfræðistofu. Þeir læra að elda léttar máltíðir úr fjölbreyttu hráefni. Gera deig eftir mismunandi aðferðum og baka úr því. Leggja á borð og læra mikilvægi þess að ganga vel um og hafa ávallt hreint og snyrtilegt í kringum sig. Í verklegum tímum vinna nemendur oftast 2 saman en stundum 3. Leitast er við að hópar séu mismundandi frá einum tíma til annars til þess að nemendur æfist í að vinna með sem flestum. Stundum er sýnikennsla notuð til að útskýra fyrir nemendum en einnig er útskýrt í upphafi hvernig besta er að vinna verkefnið. Kennari gengur milli hópa og útskýrir aðferðir jafnóðum.

## Námsmat

---

Námsmat í bóklega þættinum byggir á könnun í lok annar, verkefnabók ásamt öðrum verkefnum. Sá hluti gildir 25%. Í verklegum tímum er vinnusemi, umgengni, samvinna og hegðun ásamt virkni metin. Verklegi hlutinn gildir 75%.

## Tónmennt

---

### Markmið

---

- Að nemandi
- öðlist stigvaxandi færni í söng og leik á skólahljóðfæri, marimba
- öðlist vaxandi færni í flutningi tónlistar, laga og stefja eftir minni, heyrn og nótnatáknum
- geti sýnt fram á þekkingu á tónlist sem hann hefur hlustað á frá mismunandi tímabilum og menningarsvæðum
- sýni áhuga og taki þátt í ólíkum þáttum tónlistarinnar

### Námsgögn og leiðir

---

Nemendur hlusta á tónlist sem þeir sjáfir hafa valið og ræða um hana. Nemendur hlusta á ýmsa söngleiki sem kennari velur og ýmis verkefni unnin upp úr þeim. Einnig fá nemendur að kynnst Marimba hljóðfærum frá Suður – Afríku. Unnið er með námsefnið Hljóðspor þar sem farið er í gegnum sögu hinna ýmissa tónlistartegunda í Bandaríkjunum og sungið er upp úr söngheftinu Syngjandi skóli.

## Námsmat

---

Virkni, áhugi og hegðun nemenda metin.

## Handmennt

---

### Markmið

---

- Að nemandi
- búi til textílverk með því að nota margs konar efni í mismunandi litum og beiti áunninni þekkingu í lita- og formfræði og einföldum vinnuaðferðum textíla
- læri vefjarefnafræði
- liti vefjarefni með tilbúnum taulitum og beiti nokkrum aðferðum til að fá munstur á efni
- nýti vel efni og garn sem unnið er með
- geri sér grein fyrir efnisþörf við verkefni sín



- vinni með upplýsingatækni, margmiðlunarmöguleika og tölvur í tengslum við verkefni sín
- semji gróflega vinnuáætlun áður en byrjað er á viðfangsefni
- tengi áhrif frá þjóðlegum íslenskum munum og munstrum eigin verkefnum
- fái innsýn í framleiðsluferli handverks frá hugmynd til nothæfrar afurðar út frá mismunandi tímabilum
- viti í grófum dráttum hvernig vefjarefni eru fjöldaframleidd í verksmiðjum
- þekki framleiðsluferil íslensks ullargarns
- geri sér grein fyrir samspili vefjarefna, lita og forma í textílvinnu
- geti útskýrt fagurfræðileg sérkenni handverks og heimilisiðnaðar
- takist á við verkefni sem vekja áhuga og vinnugleði og koma til móts við langanir og smekk nemandans.

## Námsgögn og leiðir

---

- Nemendur vinna með ólíkan efnivið og mismunandi tegundir lita, sauma krosssaumspúða með bútasaumsramma. Þæfa einfaldan hlut úr ull.

## Námsmat

---

- Virkni og vinnubrögð í tímum metin. Hvert verkefni metið þegar því er lokið. Formlegt mat við lok annar.

## Myndmennt

---

### Markmið

---

- Að nemandi
  - teikni hluti eftir fyrirmynd, s.s. uppstillingu og/eða umhverfisteikningu
  - þekki hugtakið fjölfeldi og a.m.k. eina grafíska aðferð, t.d. dúkristu
  - þekki samhengi grunnforma í tvívídd og þrívídd
  - vinni með form á fjölbreytilegan hátt með margs konar miðlum og tækni, t.d. einfalda, brjóta upp, þenja út og draga saman og teikna sama formið frá fleiru en einu sjónarhorni, m.a. með hjálp tölvu
  - þekki hugtakið fjarvídd og vinni einföld verk sem fela í sér notkun sjónhæðarlínu, hvarfpunkta, mismunandi sjónarhorna o.s.frv.
  - vinni skissur með áherslu á hvernig form, litir og myndbygging geta undirstrikað ákveðna þætti eða boðskap myndverks, t.d. með því að raða sömu formum upp á mismunandi vegu
  - geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum
  - geri sér grein fyrir eiginleikum og verðmæti efna sem unnið er með hverju sinni og áhrifum þeirra á umhverfið
  - geti lýst á einfaldan hátt munnlega og skriflega helstu einkennum kúbismans og abstraktsins
  - þekki og geti fjallað um popplist og skoði mynddæmi af verkum sem unnin eru í þeim anda
  - þekki og geti fjallað um súrrealisma og skoði mynddæmi af verkum sem unnin eru í þeim anda
  - þekki hugtakið uppstilling og skoði mynddæmi af þeirri tegund myndverka
  - kanni byggingarsögu nánasta umhverfis



- geti lýst munnlega og skriflega skoðun sinni á mynd; áhersla skal lögð á þætti s.s. myndlýsingu sem tekur til lögmála og aðferða myndlistarinnar og inntaks, þ.e. túlkunar innihalds
- þekki og geti fjallað um mynddæmi um kúbisma, s.s. mismunandi einföldun og uppbrott forma, sjónarhorn og litanotkun
- þekki og geti fjallað um mynddæmi sem sýni hvernig popplísta menn taka til meðferðar myndmál neyslubjóðfélags og fjölmiðlunar, t.d. myndasögur, auglýsingar og kvikmyndir, bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt
- þekki og geti fjallað um ýmis mynddæmi sem sýni hvernig súrrealistar leituðu inn á við til dulvitundar og tjáðu á sjálfsprottinn hátt heim drauma og ímyndunarafli
- þekki og geti fjallað um mynddæmi sem sýna t.a.m. mismunandi útfærslur abstraktlistamanna á því hvernig áþreifanleg fyrirbæri geta breyst í meðförum listamanna í samræmt samspil lína, lita og forma
- þekki hugtakið uppstilling og skilji hvað í því felst.

## Námsgögn og leiðir

---

- Myndir hafa sitt eigið tungumál, myndmál, og maðurinn hefur alla tíð notað myndir sem boðtæki. Nemendur lesa *Myndmennt 1 og 2*, kennslubækur í myndmennt fyrir grunnskóla. Upprifjun á litafræði. Teikning með blýanti, teiknikolum, þurrpastel ofl. Nemendur teikni hluti eftir fyrirmynd s.s. uppstillingu og/eða umhverfisteikningu. Grafík; nemendur þekki hugtakið fjölfeldi og a.m.k. eina grafíska aðferð t.d. dúkristu. Nemendur þekki hugtakið fjarvídd og vinni einföld verk sem fela í sér notkun sjónhæðarlínu, hvarfpunkta o.s.fr. Nemendur vinna með texta og letur. Inn í námið verður fléttað fróðleik um listamenn og stefnur og e.t.v. farið á listasafn.

## Námsmat

---

Litameðferð, þekking, áræði í vali á verkefnum og vandvirkni er metin í hverju verkefni ásamt því hvort farið er eftir fyrir mælum.

## Íþróttir

---

### Markmið

---

- Að nemandi
- þjálfist í samsettum hreyfingum eins og löngum kollhnís, forhoppi og handahlaupi, hálfum snúningi, handstöðuveltu í réttstöðu, innanverðu uppstökki á kistu (langsum), teygjuhoppi og lendingu til hliðar við kistu, kollhnís áfram í réttstöðu, undirsveiflu á rá í terru, veltu áfram í réttstöðu og utanverðu stökki yfir kubb
  - þjálfist í flóknum æfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu hreyfinga
  - taki þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar, s.s. eltingaleikjum, kast- og grip- og hittnileikjum og samspilsleikjum með bolta
  - þjálfist í óhefðbundnum íþróttum eða hreyfilist, s.s. æfingum á línuskautum, hjólabretti og snjóþretti
  - þjálfist í undirstöðuatriðum nýrra eða áður lærðra hóp- og einstaklingsíþróttanna sem stundaðar eru hér á landi
  - nái frekari tókum á undirstöðuatriðum í vetraríþróttum, s.s. að renna sér á skautum, og svigskíðum og að ganga á skíðum
  - hafi lagt grunn að vali á íþróttagrein til seinni tíma ástundunar
  - taki þátt í ýmsum leikjum og íþróttum sem efla líkamsþol, s.s. eltingaleikjum,



- ratleikjum og hóp- og einstaklingsíþróttum
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, flóknum samspils- og hittnileikjum og hóp- og einstaklingsíþróttum
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, s.s. tvímennings- eða hópæfingum, fangbrögðum og leikjum af ýmsum toga
- þjálfist í æfingum sem efla líkamspól, s.s. stöðugu hlaupi á rólegum hraða í a.m.k. 12 mínútur
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. ýmsum einstaklingsbundnum kraftæfingum
- þjálfist í æfingum sem efla viðbragð, s.s. eltingaleikjum af ýmsum toga og ýmsum viðbragðsleikjum
- tileinki sér rétta tækni við vöðvateygjur
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s. þolpróf, kraftpróf, liðleikapróf, hraðapróf og boltakast
- taki þátt í stöðvabjálfun sem nær til 3-4 vikna
- læri nýjan íslenskan og erlendan dans
- taki þátt í dans- eða spunaverkefni með eða án tónlistar
- taki þátt í leikjum sem efla og styrkja samvinnu og samskipti
- þjálfist í að skipuleggja og stunda íþróttir eftir eigin áhuga
- taki þátt í samstarfsverkefnum s.s. íþróttasýningum og íþróttamótum
- öðlist skilning og raunsætt mat á eigin getu í ýmsum færni- og tjáningarpáttum
- taki þátt í verkefnum sem innihalda tjáningu af ýmsum toga
- þjálfist í verkefnum þar sem reynir á tillitssemi, umburðarlyndi og þolinmæði
- þjálfist í leikjum og æfingum þar sem veita þarf félaga eða félögum stuðning
- þjálfist enn frekar í að nota líkamann sem tjáningartæki í dans- og dramaverkefnum
- þekki tengsl næringar- og orkuþarfar við líkams- og heilsurækt
- taki þátt í umræðu um áhrif þjálfunar á líkama og heilsu
- þekki áhrif þolþjálfunar á hjarta og blóðrásarkerfi
- taki þátt í umræðu um helstu breytingar kynþroskaára og áhrif þeirra á afkastagetu og árangur í íþróttum
- átti sig á mikilvægi hvíldar fyrir líkama og sál
- nái enn frekari tókum á undirstöðuatriðum íslenskrar glímu og þekki helstu glímubrögð
- taki þátt í ratleik og læri að lesa á kort
- nýti sér tölvu og upplýsingatækni við skrásetningu markmiða í líkams- og heilsurækt

## Námsgögn og leiðir

---

Íþróttafatnaður, þ.e. stuttbuxur, stuttermabolur og innanhús-íþróttaskór. Reynt verður af fremsta megni að nálgast markmið kennslunnar í gegnum fjölbreytta leiki og leikrænar æfingar með eða án bolta. Nemendur vinna töluvert í stöðvahringjum þar sem áhersla er lögð á að efla kraft, fimi, og liðleika. Í upphafi haustannar er lögð áhersla á útihlaup.

## Útiþróttir

---

Leitast er við að allar bekkjardeildir sækji íþróttatíma úti, á skólalóð, 3 vikur í september og 3 vikur í maí. Megintilgangur þessara tíma er að leggja áherslu á mikilvægi útiveru. Tímarnir byggjast á ýmsum leikjum, útihlaupum og almennri útiveru. Nemendum er bent á viðeigandi klæðnað til íþróttaiðkunar, þ.e. síðar íþróttabuxur, peysa og góðir skór til að hlaupa í.



## Námsmat

---

Að miklu leyti huglægt mat sem byggist á virkni, áhuga, hegðun og framförum nemenda. Kannanir verða lagðar fyrir og hafðar til hliðsjónar við lokamat. Á haustönn eru gerðar athugasemdir en í lok vorannar er formlegt námsmat.

## Sund

---

### Markmið

---

Að nemandi

- þjálfist í æfingum sem viðhalda og bæta samhæfingu hreyfinga
- þjálfist í fjölbreyttum æfingum sem leggja grunn að bættri færni í bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi og baksundi
- þjálfist í undirbúningsæfingum fyrir flugsund
- náí tókum á atriðum sem reyna á öndun og takt arma og fóta
- náí tókum á stungu af bakka, að sækja hlut á 1-2 m dýpi eftir 5 metra sund og að troða marvaða í 20-30 sek.
- taki þátt í ýmsum æfingum og leikjum sem efla líkamspól
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, hraða og viðbragð
- taki þátt í fjölbreyttri sundleikfimi og stöðvaþjálfun á sundstað
- taki þátt í umræðu um mikilvægi góðrar tækni sundtaka
- taki þátt í leikjum og æfingum í vatni og læri að bera virðingu fyrir þörfum og getu annarra
- tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð, s.s. iðkun æfinga í stöðvaþjálfun
- þjálfist í fjölbreyttum samvinnuverkefnum, s.s. hópleikjum, boltaleikjum og boðsundsleikjum
- fái upplýsingar um möguleika til frekari sundiðkunar hjá íþróttafélögum
- leysi af hendi verkefni sem ná til sköpunar, samvinnu, upplifunar og eftirvæntingar
- skilji helstu markmið æfinga og leikja í sundi
- taki þátt í umræðu um áhrif sundþjálfunar á líkamann
- þekki helstu öryggisatriði sundstaðar og geti brugðist rétt við þegar slys ber að höndum
- þjálfist í að synda með bjarghring til félaga í grunnri laug og syndi síðan með hann um 5 m að bakka til baka
- þjálfist í að detta í vatn í fötum og bjarga sér á sundi
- læri að meta þær hættur sem geta fylgt leik í sundlaugum
- fái aukna þjálfun í samhæfingu hreyfinga og tengingu þeirra í eina heild
- náí tókum á fjölbreyttum hreyfingum í vatni
- náí tókum á nákvæmri útfærslu hreyfinga og öndunar í 25 m bringusundi, 25 m skólabaksundi, 25 m baksundi og 8 m kafsundi
- náí góðum tókum á stungu af bakka
- fái þjálfun í helstu undirstöðuatriðum sundknattleiks
- þjálfist í sundleikfimi og sundfimi
- tileinki sér helstu atriði sem snúa að björgun úr vatni
- ljúki námsati í sundi fyrir 7. bekk og geti talist syndur
- taki þátt í æfingum og leikjum sem efla líkamspól
- taki þátt í æfingum og leikjum sem efla kraft, hraða, viðbragð, samhæfingu og nýtni sundtaka



- taki þátt í sundþjálfun til að sýnda ákveðnar vegalengdir innan ákveðinna tímamarka
- þjálfist í 15 m björgunarsundi með jafningja, beita skal skólabaksundsfótatökum
- taki þátt í stöðvabjálfun á sundstað
- taki þátt í ýmsum samvinnuverkefnum á sviði sundíþróttá og leikja
- taki þátt í samstarfsverkefnum eins og íþróttasýningum og sundmótum
- fái hvatningu til að ná tókum á krefjandi viðfangsefnum
- taki þátt í umræðu um mikilvægi sunds sem líkams- og heilsuræktar
- læri helsta orðaforða skólasunds
- læri séreinkenni einstakra sunnaðferða
- öðlist skilning á hættum sem leynast í og við vatn og sundlaugar
- tileinki sér helstu atriði björgunar úr vatni, s.s. ýmis öryggisatriði, leysitök í vatni, notkun björgunarhrings og notkun krókstjaka
- taki eitt sundstig árlega, eflir þrek, félagslegan- og líkamlegan þroska og sjálfstraust og þekki og virði umgengnisreglur á sundstað.

## Námsgögn og leiðir

---

Sundbolur og sundskýla, ekki bíkíni eða síðar buxur þar sem slíkur fatnaður hamlar sundfærni. Verkefni tilheyrandi hverju sundstigi.

## Námsmat

---

Sundstigspróf. Umsögn gefin um mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun. Formlegt námsmat að vori.

## Sundstig - samræmd markmið í 7. bekk:

---

- 300 m bringusund, tímamörk: synt á minna en 10 mínútum.
- 50 m skólabaksund, stílsund.
- 15 m björgunarsund með jafningja, (skólabaksundsfótatök).
- 8 m kafsund, stílsund.
- Val nemenda: 50m bringusund á tíma; 25m skriðsund á tíma.

## Upplýsingamennt

---

### Markmið

---

Að nemandi

- geti leitað að gögnum eftir flokkunarkerfi skólasafnsins (Dewey), kunni á útlánakerfi safnsins og sé sjálfbjarga við lántöku á gögnum
- kunni að leita í helstu handbókum, alfræðiorðabókum og fræðibókum (t.d. eftir efnisyfirliti og atriðisorðaskrá).
- geti fundið lykilorð í texta
- kunni að skipuleggja heimildavinnu; þ.e. geti mótað spurningar út frá efni og skilgreint hvaða upplýsinga er þörf, valið upplýsingaveitur, aflað heimilda, flokkað og greint þær, varðveitt heimildir á skipulegan hátt og unnið úr upplýsingum
- gert grein fyrir niðurstöðum sínum
- geti vitnað í heimildir
- þekki mismunandi tegundir bókmennta
- þekki helstu íslenska rithöfunda og verk þeirra
- viti að til eru lög um höfundarrétt og skilji þýðingu þeirra við vinnu með upplýsingar



- sýni skilning á siðferðislegri ábyrgð sinni við framsetningu efnis

### Námsgögn og leiðir

---

Verklegar æfingar verða á safninu, s.s. við röðun bóka, heimildaleit og við leit í gegnir.is. Nemendur verða æfðir í að gera grein fyrir heimildaleit bæði munnlega og skriflega; að vitna í heimildir og gera heimildaskrá. Unnin verður bókmenntaritgerð í samvinnu við umsjónarkennara og læra nemendur grunnatriði í ritgerðarsmið í tengslum við vinnuna. Hver bekkur fær einn tíma á viku á safninu í u.þ.b. eina önn og vinnur helmingur bekkjar þar í einu.

### Námsmat

---

Kennari sendir umsögn til umsjónarkennara eftir að hafa metið vinnu í tímum jafnóðum yfir önnina.

## Tölvunotkun

---

### Markmið

---

Að nemandi

- hafi náð tökum á rétttri fingrasetningu á lyklaborð, tileinkað sér blindskrift og réttar vinnustellingar
- kunni meðferð á myndum og texta af geisladiskum og af Neti
- geti sett inn myndir og gröf og töflur í texta
- geti beitt þeim leitaráðferðum sem algengustu tölvukerfi bjóða upp á
- geti skilað verkefnum unnum í tölvum, með grafískri framsetningu upplýsinga þegar það á við

### Námsgögn og leiðir

---

Nemendur eru þrjá tíma í tölvukennslu, þriðjung úr vetri. Nemendur nota töflureikninn Excel. Þeir læra meðhöndlun texta og mynda, setja einfaldar „formúlur“ í reiti og láta forritið teikna ýmisskonar myndrit. Einnig verður töflureiknirinn notaður til að leysa ýmis verkefni í stærðfræði. Nemendur fá þjálfun í að leita á vefnum. Skoða leitarvélar og læra hverju mismunandi leitaráðferðir skila. Í hverri viku gera nemendur nokkrar æfingar í Ritfinni til að viðhalda rétttri fingrasetningu og þjálfu upp hraða. Markmiðið er að nemandi nái 140 slögum á mínútu eftir 7. bekk. Kennsluforritið *Ritfynnur* notað til að æfa fingrasetningu. Notað verður efni af vef *Upplýsingatækni 5.-7. bekkur, excel*, kennslubókinn *Töflureiknir, skref fyrir skref* o.fl.

### Námsmat

---

Frammistaða nemenda í tímum og virkni metin. Vinnueinkunn gildir 50% á móti prófum.